

## Opinbera deildin

### Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 11. febrúar 2019.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. var farið yfir lista með trúnaðarmönnum deildarinnar, en þeir eru 61 talsins og er hlutfall þeirra innan deildarinnar mjög gott. Einnig var fjallað um námskeið og persónuálög vegna þeirra, launaskriðtrygginguna hjá ríki og sveitarfélögunum, mál sem skotið var til samstarfsnefndar SÍS og SGS vegna tímavinnufólks, en langmestur tími er búin að fara í samningamál við ríki og sveitarfélögin.

Félagið vísaði í fyrra tveimur málum til samstarfsnefndar SGS og SIS. Annað málið fjallaði um brot gagnvart kaffitímum starfsmanna í tímavinnu. Það mál vannst og hefur leiðrétting farið fram.

Hitt málið varðar félagsmann sem starfaði í tímavinnu við ræstingar hjá Akureyrarbæ sl. 20 ár. Þegar hann hóf svo störf hjá Öldrunarþjónustunni fékk hann ekki metinn starfsaldurinn hjá bænum, þar sem viðkomandi var í tímavinnu. Enn er beðið eftir niðurstöðu úr því máli.

Í desember féll dómur í máli VLFA gegn Sambandi íslenskra sveitarfélaga um deilu er snéri að eingreiðslunni sem greidd var í febrúar 2019 vegna lengdar samningsins. Sambandið túlkaði það að tímavinumenn ættu ekki rétt á þessari greiðslu. Dómurinn féllst á það að þeir ættu rétt eins og fólk sem er í % vinnu. Félagið sendi strax fyrirspurn á alla launafulltrúa hjá sveitarfélögunum hvort þeir hafi greitt sínu fólki þessa greiðslu.

Akureyrarbær og Hörgársveit voru ekki búin að greiða en það var gert um áramótin.

Í kjölfarið á dómnum kom upp umræða um hvort tímavinnufólk ætti rétt á að fá desember- og orlofsuppbætur. Félagið sendi inn fyrirspurn á sveitarfélögin og þá kom í ljós að þetta hefur verið gert, en reyndar einungis fyrir dagvinnu.

Málefni tímavinnufólks verður sett í nefnd í vor sem á að ljúka störfum fyrir 1. nóvember 2020. Þar á fara yfir ýmis réttindamál tímavinnufólks og reyna að samræma réttindi á milli tímavinnufólks og þeirra sem eru í % vinnu.

Viðræður um nýjan kjarasamning við ríkið standa enn yfir og þið getið verið alveg viss um að þegar eitthvað verður að fréttu þaðan þá getið þið lesið allt um það á heimasíðu félagsins.

Þann 16. janúar sl. var loks skrifað undir nýjan kjarasamning við sveitarfélögin eftir langar og strangar kjaraviðræður. Það er margt gott í þessum nýja samningi, t.d. náðist loks samkomulag um atriði sem búið er að vera í kröfugerð í um 30 ár, þ.e. krafan um að föst laun skulu greidd eftir á, eigi síðar en fyrsta dag hvers mánaðar. Beri fyrsta dag mánaðar upp á frídegi skal útborgun launa fara fram síðasta virka dag þar á undan.

Það eru mörg ný atriði í samningnum og eru launahækkanir í samræmi við Lífskjarasamninginn sem var á almenna markaðinum. Tekin eru markviss skref til styttingar vinnutíma starfsmanna sveitarfélaga og þar með til aukinna lífsgæða og bætts vinnuumhverfis, en eigi síðar en 1. janúar 2021 styttist hver vinnudagur um 13 mínútur fyrir starfsmann í fullu starfi m.v. 40 stunda vinnuviku.

Í samningum náðist að allir starfsmenn sveitarfélaga fengju 1,5% af heildarlaunum inn á bók sem yrði laus í febrúar ár hvert, en þetta er svar við jöfnun lífeyrisréttinda sem hafa verið í deilum í mörg ár.

Nýtt ákvæði er í samningnum um að félagsmenn sem starfað hafa samfellt í 3 ár geta fengið launað leyfi í samtals í þrjá mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.

Nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um nýja samninginn og mun henni ljúka kl. 12 á hádegi sunnudaginn 9. febrúar nk. Ég hvet ykkur til að nýta réttindi ykkur og greiða atkvæði og auðvitað hvetja alla ykkar vinnufélagar til að gera slíkt hið sama.

Sú nýbreytni var höfð í upplýsingagjöf til trúnaðarmanna að svo að segja vikulega var sendur út póstur um stöðuna í samningamáli í stað þess að vera að boða til tilgangslausra funda þar sem oft var lítið að fréttu.

Í apríl skrifaði ASÍ undir samkomulag um launaþróunartryggingu til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Laun félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum hækkuðu um 1,7 prósent að meðaltali vegna samkomulagsins og laun félaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu um 0,4 prósent að meðaltali. Launaþróunartryggingin var afturvirk og gildi frá 1. janúar 2019. Samkomulag þetta var mikilvægur liður í að tryggja að launaþróun félagsmanna hjá ríki og sveitarfélögum dragist ekki aftur úr launaþróun á almennum markaði.

Í maí sat ég, ásamt Birni formanni félagsins, útvíkkaðan formannafund SGS sem fram fór á Hótel Hallormsstað. Til fundarins, sem fram fer einu sinni á ári, eru boðaðir formenn

aðildarfélagasambandsins auk eins fulltrúa til viðbótar frá hverju félagi.

Árlegur fræðsludagur Einingar-Iðju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið fór fram um miðjan október í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit. Félagið er búið að halda dag sem þennan síðan 2010 á nokkrum stöðum um fjörðinn. Um 80 félagar tóku þátt í deginum sem tókst í alla staði mjög vel, en dagskráin sem stóð yfir milli kl. 10 og 17 var blanda af fyrirlestrum og hópavinnu.

Í lok september fór fram 36. þing Alþýðusambands Norðurlands á Illugastöðum í Fnjóskadal og stóð það yfir í tvo daga. 74 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi mættu á það, þar af voru 34 frá Einingu-Iðju. Nokkrir stjórnarmenn voru á þinginu og voru sammála um að það hefði verið áhugavert og gagnlegt.

Í lok nóvember stóð 7. þing Starfsgreinasambands Íslands yfir í tvo daga í Reykjavík. Á þingið mættu 140 fulltrúar frá 19 aðildarfélögum sambandsins, þar af 11 fulltrúa frá Einingu-Iðju. Mikill kraftur var í umræðum á þinginu m.a. um kjaramál í víðtækum skilningi, baráttu við launaþjófnað, húsnæðismál, mikilvægi þess að vaxtalækkunar skili sér til almennings og heilbrigðismál, sérstaklega þann mikla kostnað sem íbúar landsbyggðarinnar bera við að sækja sér nauðsynlega lækniþjónustu. Björn Snæbjörnsson formaður félagsins var þar endurkjörinn formaður SGS til tveggja ára.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu

félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Snemma árs 2019 gerði SÍMEY samninga við starfsmenntunarsjóðina Sveitamennt, Ríkismennt um starfstengda símenntun. Sjóðirnir greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga og ríkisstofnana, stofnana þeirra og sjálfseignastofnana sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt. Hér er um að ræða þátttöku starfsmanna í starfstengdum námskeiðum sem skipulögð eru af SÍMEY.

Félagsmenn í Einingu-Iðju sem eiga aðild að Ríkismennt og Sveitamennt geta því sótt námskeið hjá SÍMEY og greiða sjóðirnir fyrir þátttöku þeirra að fullu. Athugið að þátttaka mun ekki skerða einstaklingsstyrki starfsmanna í starfsmenntasjóðum.

Þess skal getið að um síðustu áramót hækkuðu hámarksupphæðir sem sjóðirnir greiða, upp í kr. 130.000.

Í lok október var skrifað undir samstarfssamning við SÍMEY. Markmið samningsins er að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn Einingar-Iðju til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. Félagið hefur átt mjög gott samstarf við SÍMEY til fjölda ára en með þessum samningi er komin meiri festa í samstarfið. Fulltrúar frá SÍMEY hafa t.d. setið fund með fræðslunefnd félagsins þar sem farið var yfir ýmis mál tengd námskeiðahaldi. Slíkir fundir verða haldnir reglulega héðan í frá og mun SÍMEY kappkosta við að endurspegla þær þarfir er birtast innan félagsins varðandi símenntun. Þá hefur SÍMEY líka tekið að sér að halda utan um dyravarðanámskeið sem félagið hefur verið með í samstarfi við Lögregluna á Norðurlandi eystra undanfarana áratugi.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjöldmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir m.a. kíkt á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin nokkur námskeið, t.d. dyravarðanámskeið og trúnaðarmannanámskeið. Önnur námskeið voru auglýst en ekki tókst að fá lágmarkfjölda á þau. Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Orlofsblaðið kemur út í byrjun mars en í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Eins og undanfarin ár verða þrjár ferðir í boði. Svo að segja strax varð uppselt í utanlandsferðina og það sama er að segja um nokkur viðbótarsæti sem við fengum. Skráning er hafin í innanlandsferðina, en farin verður dagsferð út í Flateyjarðal síðasta laugardaginn í ágúst. Ekki er eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með, því bæði er um að ræða lágmarks- og hámarksfjölda í ferðina. Síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í hina árlegu eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn sem farin verður 26. júní.

Ég minni á varðandi sumarúthlutun orlofshúsa að eins og undanfarin ár verður einungis tekið við rafrænum umsóknum. Félagið er að skipta um félaga- og orlofshúsakerfi og fljótlega verður kominn hnappur á heimasíðuna sem mun væntanlega

nefnast Orlofshúsavefur. Einnig verður það hnappur inn á nýjar „mínar síður“ þar sem hægt verður að sækja um styrki, kaupa gistimiða og margt fleira. Eins og ég sagði áðan þá er þetta í vinnslu núna og verður auglýst nánar fljótlega.

Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Nýlega rann út frestur til að senda inn umsókn fyrir íbúðina á Spáni, sem er orlofskostur fyrir félagsmenn næsta sumar og kynntur var í jólablaði félagsins. Alls sóttu um 20 félagsmenn um leigurnar níu sem í boði eru, tvær vikur í senn. Úthlutað verður í fljótlega og því eiga þeir sem sóttu um að fá svar frá félaginu á næstu dögum.

Áfram verður boðið upp á Orlof að eigin vali. Styrkurinn í ár verður kr. 25.000 eins og á síðasta ári. Áfram verða í boði 300 styrkir eins og undanfarin ár. Sækja þarf um styrkinn á vef félagsins, eins og orlofshúsin, þ.e. fyrir 2. apríl nk.

Á skrifstofum félagsins verður áfram hægt að kaupa útilegu- og veiðikort á niðurgreiddu verði, ásamt gistimiðum á Keahótelin, Fosshótelin og Edduhótelin.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

Félagið er með virka síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Vert er að minna á að á skrifstofunni á Akureyri safnast töluvert upp af óskilamunum úr íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Félagsmenn sem kannast við að hafa gleymt einhverju mega endilega kíkja við og athuga hvort þau eiga eitthvað af þeim. Annað slagið er farið með þessa hluti í Rauða krossinn.

Vert er að benda á að 9. mars mun Iðnaðar- og tækjadeild félagsins bjóða upp á fræðsluerindi um flokkun og endurvinnslu og verður það opið fyrir alla félagsmenn. Það verður í salnum á 4. hæð Alþýðuhússins og hefst kl. 20.00. Þarna mun Helgi Pálsson, rekstrarstjóri Terra á Norðurlandi, fara yfir ýmislegt varðandi þessi mál og hvet ég alla til að mæta.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að vekja athygli á að á skrifstofu félagsins á Akureyri starfa fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, þær, Elsa sem jafnframt er verkefnastjóri á svæðinu, Helga Þyri, Nicole og Svana. Þær eru starfsmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélag á svæðinu.

Nicole er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins á Dalvík á þriðjudögum og Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðvikudögum.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Til að eiga rétt á þjónustunni þarf einstaklingur að vera með vottaðan heilsubrest frá lækni í



formi vottorðs eða beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK. Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

**Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:**

Formaður	Sigríður K. Bjarkadóttir	Lundarskóli
Varaformaður	Guðbjörg Helga Andrésdóttir	Sambylið Borgargili
Ritari	Anna Dóra Gunnarsdóttir	Leikskólanum Álfasteini
Meðstjórnendur	Ásrún Karlsdóttir	Frekari liðveisla
	Halldór Ari Brynjólfsson	Framkvæmdamiðstöð
	Hrönn Vignisdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri
	Tómas Jóhannesson	Þrastarlundur
	Þórhalla Þórhallsdóttir	Hlíð
	Ingibjörg M. Ingvadóttir	Dalvíkurskóli

Í ár verður kosið um varaformann og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Einnig þarf að kjósa um einn meðstjórnanda til eins árs.

Úr stjórn eiga að ganga: Ingibjörg María Ingvadóttir, Guðbjörg Helga Andrésdóttir, Halldór Ari Brynjólfsson og Hrönn Vignisdóttir. Þau gefa öll kost á sér aftur nema Hrönn sem hefur skipt um starfsvettvang. Signý Aðalsteinsdóttir sem starfar á SAK býður sig jafnframt fram sem meðstjórnandi. Ásrún Karlsdóttir sem kosin er í stjórn til aðalfundar deildarinnar til aðalfundar 2021 hefur óskað eftir að hætta í stjórninni. Því þarf að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs og býður Andreea Georgiana Lucaci sem starfar á Hlíð sig fram í það.

Ég vil þakka Ásrúnu Karlsdóttur og Hrönn Vignisdóttur sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju. Að lokum þakka ég Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.